

Tillaga að Starfsleyfi

fyrir skelfiskvinnslu og vinnslu sjávargróðurs, vegna mengunarvarna

Nafn fyrirtækis: Íslensk bláskel og sjávargróður ehf.

Heimilisfang: Nesvegi 16

Kennitala: 440407-1880

Póstnúmer: 340 Stykkishólmur

Netfang: blaskel@blaskel.is

Sími: 893 5056

Nafn forsvarsmanns: Símon Sturluson

Gildistími: xx. júlí 2023 til xx. júlí 2035

1. Almenn atriði

Fyrirtækið skal hlíta ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003 og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda á hverjum tíma og skilyrðum á fylgiskjali með leyfi þessu.

Fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Ef fyrirtækið flytur eða eigandaskipti verða, fellur starfsleyfið úr gildi. Starfsleyfið skal endurskoða að jafnaði á fjögurra ára fresti.

Um starfsumhverfi og öryggi starfsmanna fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum með síðari breytingum.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa leyfinu hvenær sem opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Leyfið er útgefið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 og reglugerðar nr. 550/2018.

2. Gjaldskylda

Fyrirtækið skal árlega greiða eftirlitsgjald í samræmi við gildandi gjaldskrá þar um. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við reglubundið eftirlit Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

Starfsleyfi upphaflega gefið út 4. apríl 2012, nú breytt vegna breytingar á starfsemi, þ.e. aukins vinnslumagns á sjávargróðri.

Fylgiskjal

starfsleyfis skelfiskvinnslu og vinnslu sjávargróðurs, vegna mengunarvarna

Heilbrigðisnefnd Vesturlands veitir fyrirtækinu Íslenskri bláskel og sjávargróðri ehf, kt. 440407-1880, starfsleyfi til að reka vinnslu að Nesvegi 16 í Stykkishólmi. Forsvarsmaður starfseminnar er Símon Sturluson.

1. Um starfsleyfið.

- 1.1 Gildistími starfsleyfisins er 12 ár frá útgáfudegi. Starfsleyfið skal endurskoða ef:
 - a) breytingar verða á eignarhaldi eða rekstri. Allar meiri háttar breytingar á rekstri skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands með góðum fyrirvara þannig að a.m.k. gefist 4 vikur til að meta þær og hugsanleg áhrif á starfsleyfið.
 - b) fram koma skaðleg áhrif starfseminnar á umhverfið, meiri mengun af völdum atvinnurekstrarins en búast mátti við eða hætta sem ekki var áður ljós.
 - c) gerðar eru nýjar kröfur eða breytingar verða á bestu fánlegu tækni sem gildir um reksturinn.
- 1.2 Starfsleyfið er gefið út af Heilbrigðisnefnd Vesturlands í samræmi við 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.3 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, m. síðari breytingum.
- 1.4 Eintak af starfsleyfinu skal ávallt vera tiltækt í fyrirtækinu og skal kynna öllum starfsmönnum ákvæði þess. Forsvarsmaður fyrirtækisins er ábyrgur fyrir að það starfi samkvæmt því.

2. Húsnæði, lóðir, umhverfi og fastur búnaður.

- 2.1 Fyrirtækið skal halda húsnæði og umhverfi snyrtilegu.
- 2.2 Lóð fyrirtækisins skal haldið snyrtilegri, plön lögð bundnu slitlagi með niðurföllum og geymslusvæði girt af (eftir þörfum).
- 2.3 Vistun á óhreinum ílátum undan hráefni, úrgangi eða öðru þ.h. er óheimil utandyra.
- 2.4 Loftræstingu skal þannig háttáð að hún valdi ekki fólki í nærliggjandi húsakynnum eða vegfarendum óþægindum vegna lyktar, hávaða eða annarrar mengunar.
- 2.5 Fyrirtækið skal hafa fullnægjandi búnað á fráveitu til að hindra að föst óhreinindi berist í holræsakerfi bæjarfélagsins. Slíkum búnaði skal komið fyrir bæði við niðurföll á vinnslusvæði og plani þar sem ætla má að lífrænn úrgangur falli til. Sé búnaður ekki hreinsaður með samfelldum hætti skal hreinsa hann daglega. Aðstaða skal vera til að geta mælt frárennsli frá hreinsibúnaði.
- 2.6 Eftirlit og viðhald með vélum og mengunarvarnabúnaði skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun.

3. Starfsemin.

- 3.1 Allt hráefni og úrgangur skal geyma innandyra eða á annan hátt sem heilbrigðiseftirlit getur samþykkt.
- 3.2 Óheimilt er að farga föstum lífrænum úrgangi um niðurföll. Slíkan úrgangur eða hráefni til endurvinnslu/endurnýtingar skal ísa, geyma í kæli eða frysta ef hann er ekki fluttur daglega úr fyrirtækinu.
- 3.3 Lífrænn úrgangur skal fluttur burt í lokuðum tönkum eða í heilum körum og/eða flutningstækjum með tryggri yfirbreiðslu.
- 3.4 Hvers konar urðun eða brennsla úrgangs er með öllu óheimil á vegum fyrirtækisins eða á lóð þess.
- 3.5 Fyrirtækið skal takmarka lykt og hávaða frá starfseminni eins og kostur er. Hávaði frá starfseminni skal vera innan þeirra marka sem gert er ráð fyrir í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- 3.6 Eftirlit, rekstur og viðhald kæli- og frystibúnaðar skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun.

4. Verkstæðisaðstaða.

Mengun í fráveitu:

4.1 Óheimilt er að losa hættulegan efnaúrgang í fráveitu.

4.2 Sækja þarf um sérstakt leyfi fyrir öllum olíutönkum og hlíta kröfum um umbúnað þeirra.

5. Eigið eftirlit.

5.1 Fyrirtækið skal halda dagbók þar sem skráð er jafnóðum:

a) Magn lífræns úrgangs sem fyrirtækið lætur frá sér.

6. Helstu lög og reglugerðir sem starfseminar varða og rekstraraðilar uppfylli.

a) Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

b) Reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.

c) Reglugerð um fráveitur og skólþ nr. 798/1999.

d) Reglugerð um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs nr. 1040/2016.

e) Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002.

f) Reglugerð um hávaða nr. 724/2008.

g) Reglugerð um varnir gegn olímengun frá starfsemi í landi nr. 884/2017.

h) Lög nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

7. Starfsemi hætt.

7.1 Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Vesturlands ef starfsemi fyrirtækisins er lögð niður.

7.2 Leggist starfsemin niður skal öllum hættulegum efnaleifum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir hættulegan efnaúrgang.

7.3 Ganga skal þannig frá kælitækjum að ekki sé hætt á að kælimiðlar berist út í umhverfið.

8. Ýmis skilyrði.

8.1 Skylt er að tilkynna öll mengunaróhöpp til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

8.2 Almennigur á rétt á upplýsingum um niðurstöður mengunareftirlits vegna rekstursins hjá eftirlitsaðila. Heilbrigðisnefndum, heilbrigðisfulltrúum og starfsmönnum Umhverfisstofnunar skal heimill aðgangur að fyrirtækinu, til skoðunar og eftirlits.

8.3 Forsvarsmönnum fyrirtækisins er skylt að veita þessum aðilum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlitsins svo og að afhenda sýni endurgjaldslaust.

8.4 Fyrirtækinu ber að greiða Heilbrigðiseftirliti Vesturlands gjald vegna útgáfu og kynningu á starfsleyfinu svo og árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Ef grípa þarf til sérstakra rannsókna vegna starfseminnar er fyrirtækinu einnig skylt að greiða fyrir þær.

Hvalfjarðarsveit, júlí 2023